

Reykjavík, 24. mars 2020

Ályktun LÍSt um rýmri rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍSt) lýsa sérstaklega ánægju sinni með það að stúdentar séu nú teknir með í reikninginn þegar kemur að minnkuðu starfshlutfalli. Frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóð launa var upphaflega útilokandi fyrir stúdenta en þeir eiga almennt ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Því var breytt eftir gott samráð velferðarnefndar Alþingis við stúdenta og munu stúdentar því tímabundið eiga rétt á atvinnuleysistryggingu vegna skerts starfshlutfalls ef þeir halda að lágmarki 25% starfshlutfalli.

Þó ríkir enn mikil óvissa á meðal stúdenta. Eftir sitja áhyggjur um skert framboð á sumarstörfum og aukið atvinnuleysi. Í umsögn LÍSt um frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóð launa kom fram að rúmur helmingur stúdenta hérlendis vinnur allt skólaárið samkvæmt Eurostudent VI könnuninni. Í niðurstöðum könnunarinnar kom sömuleiðis fram að 71% þeirra sem vinna með námi gera það að öllu eða miklu leyti til þess að eiga efni á námi¹. Stúdentar vinna sér þó inn drjúgan hluta tekna sinna yfir sumartímam þar sem það er gjarnan eini tíminn sem stúdentar geta verið í fullu starfi.

„Atvinnuleysi hefur vaxið í aðdraganda faraldursins svo vinnumarkaðurinn er í viðkvæmri stöðu“, segir í kynningu stjórnvalda á efnahagsaðgerðum sínum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Af þeim aðgerðum að dæma sem stjórnvöld hafa kynnt er augljóst að viðbúið er að atvinnuframboð verði minna en ella vegna faraldursins,² og er því eðlilegt að stúdentar sjái fram á að sumarstörf verði af skornum skammti. Ef stúdent verður af atvinnu yfir sumartímam getur hann orðið fyrir verulegum tekjumissi. Þar sem stúdentar eiga almennt ekki rétt á

¹ 1 Sjá niðurstöður EUROSTUDENT VI á bls. 16 og 17 hér:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2d86daef-4fb1-11e8-942b-005056bc530c>

² Sjá „Viðspyrna fyrir Ísland“

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=181a1115-6b7e-11ea-9462-005056bc4d74>

atvinnuleysisbótum og Lánasjóður íslenskra námsmanna lánar stúdentum ekki fyrir framfærslu yfir sumartímann standa þeim engar bjargir til boða sem geta mætt þessum tekjumissi.

Breytingar vegna minnkaðs starfshlutfalls ná aðeins til þeirra stúdenta sem eru nú þegar í starfi en lækka í starfshlutfalli. Aðgerðirnar ná ekki til þeirra sem eru í þann mund að sækja um störf fyrir sumarið eða voru í minna en 45% starfi nú þegar. Til þess að stúdentar geti haldið eðlilegri námsframvindu áfram verður að bregðast við umræddum tekjumissi með því að gefa stúdentum kost á því að sækja um atvinnuleysisbætur yfir sumartímann.

Í kynningu á efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs COVID-19 nefndi fjármálaráðherra að við þessar aðstæður væri betra að gera meira og taka af því kostnaðinn en að gera of lítið³. Langtíma ávinningur mun nást af því að reikna með atvinnuleysisbótum fyrir stúdentum á þessum erfiðum tímum þar sem það mun draga úr líkum þess að stúdentar þurfi að hverfa frá námi vegna fjárhagserfiðleika.

³ Sjá kynningu ríkisstjórnar á efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs COVID-19: <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/30281/30281/90p0sh>